

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. maí 2022 í máli nr. 27/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 18. mars 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X og Y, bæði með lögheimili að [...], hér eftir sóknaraðilar, vegna ágreinings við A, B og C, hér eftir varnaraðilar.

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að ágreining málsins megi rekja til viðskipta með bifreiðina [...]. Þar er málsatvikum lýst svo að þann 31. mars 2021 hafi umrætt ökutæki verið fært til skoðunar í skoðunarstöð varnaraðila C í [...]. Hafi bifreiðin staðist aðalskoðun en þó með þeirri athugasemd að tiltekna úrbætur skyldi framkvæma innan 30 daga frá skoðun. Eigandi bifreiðarinnar á skoðunardegi, varnaraðilinn A, hafi selt hana 1. apríl 2021 til varnaraðilans B. Hafi B auglýst bifreiðina til sölu þann 1. maí 2021 og hafi tekið fram að bifreiðin væri ný skoðuð. Þann 4. maí 2021 hafi sóknaraðilinn Y keypt bifreiðina af B. Við kaupin hafi sóknaraðilinn hvorki verið upplýst um þær athugasemdir sem gerðar höfðu verið við skoðunina þann 31. mars 2021 né hafi skoðunarvottorð verið í bifreiðinni á kaupdegi. Að sögn sóknaraðila hafi hvorki A né B bætt úr þeim aðfinnslum sem hafi verið gerðar við skoðunina. Þann 6. júní 2021 hafi komið upp alvarleg bilun í bifreiðinni þegar spyrnur hafi brotnað frá hjólabita sem reyndist tærður vegna ryðs. Bifreiðin sé nú ónothæf vegna þessa og svari ekki kostnaði fyrir sóknaraðila að standa að úrbótum. Í kjölfarið hafi eftirlitsmenn Samgöngustofu verið fengnir til að skoða bifreiðina. Niðurstaða Samgöngustofu hafi í megindráttum verið sú að skoðun bifreiðarinnar þann 31. mars 2021 hafi verið ábótavant. Sóknaraðilar hafi gert varnaraðilanum B grein fyrir framangreindu og hafi honum verið veittur frestur til að bregðast við en án árangurs. Hafi öllum sáttatilaunum sóknaraðila verið hafnað.

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðilar endurgreiði þeim kaupverð bifreiðarinnar, 230.000 krónur, og að endurgreiðslunni verði skipt á milli varnaraðila í þeim hlutföllum sem kærunefndin ákveður. Sóknaraðilar kveðast beina kvörtun sinni að B sem seljanda bifreiðarinnar til sóknaraðila enda hafi hann ekki bætt úr þeim aðfinnslum sem gerðar hafi verið við bifreiðina í aðalskoðun hennar 31. mars 2021 innan 30 daga. Þá sé kvörtuninni jafnframt beint að A sem eiganda bifreiðarinnar á skoðunardegi 31. mars 2021 enda hafi hún ekki bætt úr þeim aðfinnslum sem C hafi gert í aðalskoðun innan 30 daga. Loks sé kvörtun beint að C vegna ámælisverðra vinnubragða við skoðun á bifreiðinni þann 31. mars 2021.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við

einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Úrskurðir kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa geta að meginreglu tekið til allra þátta í réttarsambandi neytenda og seljenda, eins og þeir eru skilgreindir í 2. tl. 1. mgr. 4. gr. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðilar og varnaraðili B sömdu um kaup á bifreiðinni [...]. Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til þess að sala varnaraðila B á bifreiðinni hafi verið gerð í atvinnuskyni, og getur hann því ekki talist seljandi í skilningi fyrrnefnds lagaákvæðis. Hið sama gildir um varnaraðilann A. Þá liggur fyrir að ekki var samningssamband á milli sóknaraðila og varnaraðilans C í skilningi 3. og 4. gr. laga nr. 81/2019. Þvert á móti liggur fyrir að það var varnaraðilinn A sem óskaði eftir þjónustu fyrirtækisins í það skipti. Krafa sóknaraðila gegn C lýtur því alfarið réttarreglum um skaðabætur utan samninga. Kvörtun sóknaraðila er í ljósi framangreinds vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. liður 2. mgr. 14. gr. laganna.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X og Y, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson